



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

ÍSLE1ML05

Kennari	Kristín Þóra Möller, kristin.moller@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar kl. 10.25-11.05	
Námsefni	Sterk eftir Margréti Tryggvadóttur, Bókabúð/Storytel Plastmappa fyrir námsgögn og verkefni frá kennara Ljósritað/skannað efni frá kennara	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist m.a. upp á lestri ólíkra texta og ritunar úr daglega lífinu. Áhersla er lögð á að nemendur efli málfærni sína og lesskilning með því að lesa og skrifa mismunandi texta. Nemendur lesa í það minnsta eina skáldsögu auk þess sem farið verður í smásögur. Í áfanganum er ætlast til að nemendur lesi texta sér til gagns og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Samfara lestri verður farið í helstu bókmenntahugtök tungumálsins. Þá verða rifjaðar upp helstu reglur í málfræði og stafsetningu. Að lokum verða nemendur þjálfaðir í ferlisritun þar sem ýmsir textar verða skoðaðir í ljósi íslenskunnar.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ná áfanganum þarf meðaleinkunn upp á 4,5 úr prófum/verkefnum á önninni. Samanlögð vinnueinkunn þarf að vera a.m.k. 4,5. Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í prófi/verkefni getur hann nýtt stoðtíma en þá er hámarkseinkunn 5. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Sterk, verkefni og próf	50%
	Málfræði og málnotkun	15%
	Stafsetning	5%
	Hlaðvarp	5%
	Ritunarverkefni	15%
Lokaverkefni og kynning	10%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur bera ábyrgð á því að koma á réttum tíma, með viðeigandi gögn og skila verkefnum á því formi sem kennari biður um á réttum tíma. Ólæsileg verkefni eða skjöl sem kennari getur ekki opnað fá einkunnina 0.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi lestrar • mismunandi aðferðum við lestur • bókmenntahugtökum og einfaldri greiningu bókmenntatexta • helstu hjálpargögnum við ritun	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans • beita bókmenntahugtökum • nota tungumálið í rituðu og töluðu máli • nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrifa læsilegan texta • notfæra sér hjálpargögn við lestur og ritun • túlka bókmenntatexta og miðla þekkingu sinni á honum til annarra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. Tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Verkefnavinna	4 x 6 klst.	20 klst.
Alls		105 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. Ágúst	Kynning á áfanga og námsefni hans. Málfræði og stafsetning	Stafsetningarkönnun 1 Hlaðvarp
2. vika 25. – 29. Ágúst	Bókmenntahugtök Ritun	Verkefni Ritunarverkefni 1
3. vika 1. – 5. September	Sterk: bls. 5-18 Málfræði og stafsetning	Verkefni
4. vika 8. – 12. September	Sterk: bls. 19-42 Málfræði og stafsetning	Verkefni
5. vika 15. - 19. September	Sterk: bls. 43-60 Ritun	Verkefni Ritunarverkefni 2
6. vika 22. - 26. September	Sterk: bls. 61-80 Málfræði og stafsetning	Verkefni Leskönnun 1 úr Sterk
7. vika 29. sept. - 3. Október	Sterk: bls. 81-108 Málfræði og stafsetning	Verkefni
8. vika 6. - 10. október	Sterk: bls. 109-122 Málfræði og stafsetning Stoðtími	Verkefni Málfræðikönnun
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	Sterk: bls. 123-140 Málfræði og stafsetning	Verkefni Leskönnun 2 úr Sterk
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Sterk: bls. 141-162 Málfræði og ritun	Verkefni
11. vika 27- 31. október	Sterk: bls. 163-188 Ritun og orðaforði	Verkefni Ritunarverkefni 3
12. vika 3. - 7. nóvember	Sterk: bls. 189-226 Málshættir og orðasambönd	Verkefni Lespróf 3 úr Sterk
13. vika 10. - 14. nóvember	Sterk: bls. 227-264 Nýyrði og málnotkun	Verkefni Málnotkun - könnun
14. vika 17. - 21. nóvember	Sterk: bls. 227-264 Málfræði og stafsetning	Stafsetningakönnun 2
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Sterk: bls. 265-279 Lokaverkefni	Lespróf 4 úr Sterk Verkefnamöppu skilað Málfræðipróf
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Lokaverkefni Stoðdagur	Kynningar á lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra